

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra,  
nr. 155/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 3. mgr. 11. gr. komi 12.600 kr. í stað 10.800 kr. (1. fl.), 9.700 kr. í stað 8.300 kr. (2. fl.)  
og 7.400 kr. í stað 6.300 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 780 kr. í stað 670 kr.

2. gr.

4. mgr. 11. gr. orðist svo:

Greiðslur fara fram hjá ríkisfjárhirslu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með  
síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2007.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. desember 2006.*

**Magnús Stefánsson.**

*Óskar Páll Óskarsson.*